

**3254. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
28. maí 2015 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1505022 - Rekstrarstaða Akraneskaupstaðar 2015

Þriggja mánaða uppgjör Akraneskaupstaðar frá 1. janúar til 31. mars 2015 lagt fram.

Andrés Ólafsson fjármálastjóri og Sigmundur Ámundason deildarstjóri bókhaldsdeilda mæta á fundinn.

Bæjarráð bakkar fyrir ársfjórðungsyfirlitið. Reksturinn er í heild í samræmi við áætlunar að frá töldum lífeyrisskuldbindingum sem hafa hækkað umfram áætlun. Varðandi einstaka málaflokska þá þarf að rýna mjög vel útgjaldapróunina á velferðar- og mannréttindasviði en útgjöld vegna málefna fatlaðra og vegna heimapjónustu hafa hækkað meira en áætlun gerð ráð fyrir. Bæjarráð felur bæjarstjóra að greina ástæður útgjaldaaukningar á svíðinu í samráði við svíðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs.

2. 1505141 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2015

Viðauki við fjárhagsáætlun 2015 lagður fram til samþykktar.

Andrés Ólafsson fjármálastjóri fer yfir viðaukann.

Bæjarráð samþykkir viðaukann fyrir fjóra fyrstu mánuði ársins og felur fjármálastjóra að ganga frá viðauka vegna maímánaðar fyrir næsta bæjarráðsfund.

3. 1501104 - Ársreikningur 2014 - endurskoðun

Árituð endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2014.

Lögð fram.

4. 1504040 - Sorphirðugjöld 2015

Endurákvörðun sorpgjalta með hliðsjón af úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Með hliðsjón af úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 27. mars síðastliðnum samþykkir bæjarráð að endurákvárða sorpgjöld vegna ársins 2014.

Bæjarráð samþykkir að tekjuafgangur málafloksins samkvæmt ársreikningi 2014 komi að fullu til lækkunar gjaldanna sem felur í sér lækkun um 8,04% auk þess sem gæta þarf ákvæða laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta

og gjalda við framkvæmd endurgreiðslunnar til gjaldenda.

Fjárhæð sorphreinsunargjaldsins verði kr. 14.799 í stað kr. 16.095 sem er lækkun um kr. 1.296 og fjárhæð sorpeyðingargjaldsins verði kr. 12.620 í stað kr. 13.725 sem er lækkun um kr. 1.105.

Ákvörðun bæjarráðs verði send til umsagnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Fjárhæðin samtals kr. 6.178.371 ásamt vöxtum verði tekin af handbæru fé.

5. 1505117 - Grundaskóli - bætt aðstaða fyrir nemendur

Erindi nemendafélags Grundaskóla um bætta aðstöðu í unglingsadeild.

Bæjarráð þakkar fyrir erindið og óskar eftir umsögn skólastjórnenda um málið.

6. 1505035 - Félag slökkviliðsmanna á Akranesi - ums. um styrk vegna ferðar til Hannover

Erindi félags slökkviliðsmanna á Akranesi um styrk vegna ferðar til Hannover.

Bæjarráð samþykkir að veita styrk, kr. 150.000 vegna fræðsluferðar slökkviliðsmanna til Hannover. Upphæðin verði tekin af lið 20830-4995, óviss útgjöld.

7. 1412160 - SSV - fyrirtækjakönnun

Niðurstaða fyrirtækjakönnunarinnar Glefsa sem framkvæmd er hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi lögð fram til kynningar.

Lögð fram til kynningar.

8. 1503232 - Styrkir vegna menningar-, íþrótt- og atvinnumála 2015 - seinni úthlutun

Tillögur skóla- og frístundaráðs og menningar- og safnanefndar um úthlutun styrkja 2015 til íþrótt-, atvinnu- og menningarmála.

Bæjarráð samþykkти á fundi sínum þann 21. maí sl. úthlutun styrkja samtals kr. 1.820.000. Óskað er eftir samþykkt bæjarráðs vegna þriggja umsókna til viðbótar.

Bæjarráð samþykkir að veita eftirtöldum styrki:

Samkórinn Hljómar, kór félags eldri borgara á Akranesi, kr. 100.000

Karatcefélag Akraness, kr. 35.000

Körfuknattleiksfélag Akraness, kr. 40.000

9. 1503237 - Sjómannadagurinn 2015

Erindi menningar- og safnanefndar þar sem óskað er eftir viðbótarframlagi að upphæð kr. 200.000 vegna sjómannadagsins.

Bæjarráð fagnar því að það verði dagskrá á Sjómannadaginn. Kostnaði vegna hátiðahaldanna verði mætt í liðnum hátíðarhöld og viðburðir 05770.

10. 1411182 - Fjólulundur 5-7, umsókn um lóð

Erindi Trésmiðjunar Akur ehf. þar sem óskað er eftir frest til 25. ágúst til þess að skila inn teikningum.

PA
ÓG
46

Bæjarráð samþykkir erindið.

11. 1411181 - Blómalundur 2-4, umsókn um lóð

Erindi Trésmiðjunar Akur ehf. þar sem óskað er eftir frest til 25. ágúst til þess að skila inn teikningum.

Bæjarráð samþykkir erindið.

12. 1504103 - Ægisbraut 21 - umsókn um byggingarlóð

Bæjarráð óskaði eftir því við skipulags- og umhverfisráð á fundi sínum þann 30. apríl sl. að lagt yrði mat á umsókn Miklagarðs ehf. um Ægisbraut 21 með tilliti til endurskoðunar á aðalskipulagi Akraness 2005-2017.

Þann 22. maí bókaði skipulags- og umhverfisráð eftirfarandi: „Skipulags- og umhverfisráð leggst gegn úthlutun lóða á Ægisbraut vegna yfirstandandi vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi Akraness“.

Bæjarráð tekur undir bókun skipulags- og umhverfisráðs. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

13. 1504056 - Ægisbraut 21 - umsókn um byggingarlóð

Bæjarráð óskaði eftir því við skipulags- og umhverfisráð á fundi sínum þann 30. apríl sl. að lagt yrði mat á umsókn Halla-Máls ehf. um Ægisbraut 21 með tilliti til endurskoðunar á aðalskipulagi Akraness 2005-2017.

Þann 22. maí bókaði skipulags- og umhverfisráð eftirfarandi: „Skipulags- og umhverfisráð leggst gegn úthlutun lóða á Ægisbraut vegna yfirstandandi vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi Akraness“.

Bæjarráð tekur undir bókun skipulags- og umhverfisráðs. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

14. 1409162 - Starfshópur um Sementsreit

Erindi starfshóps um Sementsreit þar sem lagt er til við bæjarráð að tillögur verði fengnar frá hönnuðum um rammaskipulag sementsreits á grundvelli greinargerðar sem þeir hafa lagt fram.

Bæjarráð samþykkir að veita skipulags- og umhverfissviði heimild til að ganga til samninga við Kanon arkitekta, Ask arkitekta og Landmótun fyrir hönd starfshóps um sementsreit. Kostnaður, kr. 4.500.000 verði tekinn af liðnum önnur aðkeypt vinna 20830-4990.

15. 1505149 - Orkuveita Reykjavíkur - stöðuskýrsla

Rekstur Orkuveitu Reykjavíkur á fyrsta ársfjórðungi 2015.

Lagt fram til kynningar.

16. 1501214 - Fundargerðir 2015 - starfshópur um Sementsreit

Fundargerð starfshóps um Sementsreit nr. 10 frá 18.05.2015.

Lögð fram.

RA
ÓG

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:40.

Ólafur H. Þórhalls
Valdís Þýfjólfs
Ingibjörg Valdimarsd.
Vilborg P. Guðbjartsd.
Ingibjörg Þórunn Þórssdóttir
Ragna Árnadóttir